

REGLUGERÐ

um holræsi fyrir Eyrarbakkahrepp.

1. gr.

Þar sem Eyrarbakkahreppur hefur látið leggja holræsi í götu eða annað opið svæði, eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er þeim húseigendum, sem þar eiga hús eða í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað holræsi frá húsinu, er flytji allt skólþ frá því út í aðalræsið.

Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, svo sem frekast er unnt, leiða í ræsið.

Vanræki einhver að gera holræsi eða endurnýja eldra innan hæfilegs tíma, sem sveitarstjóri ákveður, getur hreppurinn látið vinna verkið á kostnað húseigenda.

2. gr.

Eyrarbakkahreppur lætur leggja holræsastrúta út frá aðalræsi í nýjum götum, sem hann lætur gera eftir 1. janúar 1975. Skulu stútar þessir ná út fyrir götu og enda í hreinsibrunni innan lóðarmarka.

Heimlagnir innan lóðar eru að öðru leyti á kostnað húseigenda.

Við raðhús eða fjölbýlishús skal um holræsastrúta fara eftir nánari skilmálum um lóðarúthlutun.

3. gr.

Húseigandi, sem óskar að tengja hús sitt við holræsaakerfi hreppsins eða gera breytingar eða viðbætur við ræsi, sem áður hefur verið tengt við, skal með nægum fyrirvara fá til þess leyfi hjá hreppsnefndinni eða þeim umsjónarmanni, sem málið fellur undir. Umsóknir skulu skrifaðar á eyðublöð, sem hreppurinn lætur í té, og skulu þær undirritaðar af eiganda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans ásamt pípulagningameistara þeim, sem verkið á að annast. Með umsókninni fylgi uppdráttur af holræsaakerfi hússins í tvíriti. Uppdráttur þessi skal gerður af manni með tækniþekkingu á sviði holræsalagna, sem til þess hefur hlotið löggildingu hreppsnefndar. Sá, sem uppdrátt gerir, ber ábyrgð á, að uppdrátturinn sé í samræmi við reglugerð þessa og brjóti ekki í bága við byggingarsamþykkt eða aðrar samþykktir um þessi mál, sem í gildi eru í Eyrarbakkahreppi.

4. gr.

Uppdrættir skulu gerðir á haldgóðan, óstökkan pappír og þannig frá þeim gengið, að myndir og áletrun máist ekki við geymslu. Stærð þeirra skal vera $42.0 \times 59.4 \times 84.0$ cm. Standi sérstaklega á, getur byggingafulltrúi hreppsins leyft að gera uppdráttinn á stærri blöð í DIN broti.

Nota skal mælikvarða 1:100 og 1:50, en 1:10 og 1:20, ef sýna þarf smáatriði.

Uppdrættir skulu sýna allar lagnir, utan húss sem innan, í grunnmynd. Þá skal einnig gera afstöðumynd, sem sýni málsetta legu heimæðar frá húsvegg að tengistað við skólþveituæð. Á uppdráttum skal sýna gerð og vídd allra pípanna í holræsaakerfi brunna, sem kerfinu tilheyrja. Hæðartölur, sem sýndar eru á uppdrátt-

um, skulu miðaðar við hæðarmerkjakerfi Eyrarbakkahrepps. Nota skal tákn í samræmi við íslenska staðla.

Ef uppdráttir eru ekki til að gömlum frárennislögnum, sem breyta á, getur byggingafulltrúi krafist, að þeir séu gerðir, og ber húseigandi allan kostnað af því.

Þegar uppdráttur hefur verið samþykktur af byggingafulltrúa hreppsins skal hann árita uppdráttinn í tvíriti og skal annað eintakið síðan geymt í skjalasafni hreppsins.

5. gr.

Pípulagningameistari sá, er verkið annast með samþykki bygginganefndar, ber ábyrgð á, að allar lagnir séu í samræmi við reglugerð þessa, nánari fyrirmæli, sem kunna að verða sett, og samþykktan uppdrátt á þann hátt, sem byggingasamþykkt mælir fyrir um.

6. gr.

Byggingafulltrúi skal hafa eftirlit með því, að nýlagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og reglugerð þessa.

Engar holræsalagnir má hylja fyrr en þær hafa verið teknar út af byggingafulltrúa. Áliti byggingafulltrúi, að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar eða öðrum reglum, sem settar kunna að vera um slík verk, getur hann stöðvað verkið, þar til bætt hefur verið úr því, sem áfátt kann að vera.

7. gr.

Allt efni, sem notað er til holræsaugerðar, skal standast kröfur byggingasamþykktar. Auk þess getur bygginganefnd sett reglur um holræsaefni, t. d. ef um nýjungar á því sviði er að ræða.

Byggingafulltrúi getur gert kröfur um sérstaka hreinsibrunna á holræsaakerfi húseiganda, þar sem ástæða þykir til.

8. gr.

Eigi er heimilt að láta renna í holræsaakerfið sýrur, sterkan lút, olíur, kvika-silfur, jarðefni eða önnur efni, sem valdið geta skemmdum á holræsaakerfinu eða varanlegri mengun. Á þeim stöðum, sem slík hætta er fyrir hendi, skal koma fyrir sífum, gildrum eða öðru, sem hindrar, að þessi efni komist út í holræsaakerfi hreppsins. Húseigandi er ábyrgur fyrir vanrækslu hér á og hugsanlegu tjóni, sem af slíkri vanrækslu kann að leiða.

9. gr.

Skylt er mönnum að hlíta því, að holræsalagnir séu lagðar um eignarland þeirra eða umráðasvæði og fram fari á þeim nauðsynlegt viðhald. Um bætur fyrir slíkt fer samkvæmt vatnalögum.

10. gr.

Kostnaður við aðalholræsaakerfi hreppsins greiðist úr sveitarsjóði, en til að vega upp á móti þeim kostnaði skal innheimta stofngjöld og holræsa-gjöld af húseigendum samkv. 11. og 12. gr.

11. gr.

Áður en tenging heimæðar fer fram, samanber 3. grein, skal húseigandi greiða stofngjald. Gjaldið miðast við rúmmál viðkomandi húss samkvæmt 13. grein þessarar reglugerðar.

12. gr.

Innheimta skal holræsa-gjald af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Eyrarbakkahrepps, sem standa við götu eða opið svæði, þar sem holræsi hefur verið lagt, samkvæmt 13. gr. þessarar reglugerðar. Upphæð holræsa-gjaldsins miðast við heildarfasteignamat viðkomandi fasteignar innan marka, sem ákveðast miðað við rúmmál húsa á lóðinni.

Undanþága frá gjaldskyldu hins almenna fasteignaskatts skapar ekki undanþágu frá greiðslu holræsagjalds.

Nú er fasteign, sem greiða ber af holræsagjald, eigi virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður þá hreppsnefnd gjaldið. Við ákvörðun holræsagjalds samkvæmt þessari málsgrein skal höfð hliðsjón af því, hvert líklegt fasteignamat muni verða á eigninni fullfrágenginni.

Greiða skal holræsagjald af húsum og öðrum mannvirkjum, sem eru í byggingu og því eigi virt til fasteignamats, eftir ákvörðun hreppsnefndar.

Gjaldldagi holræsagjalds er hinn sami og gjaldldagi fasteignaskatts.

13. gr.

Stofngjald samkvæmt 11. gr. þessarar reglugerðar skal nema kr. 10.00 af hverjum rúmmetra húss.

Holræsagjald samkvæmt 12. gr. þessarar reglugerðar skal nema 0.3% (3 af þúsundi) af heildarfasteignamati eignarinnar, þ. e. a. s. af mati mannvirkja ásamt mati lóðar.

Holræsagjaldið skal þó aldrei vera lægra en sem svarar kr. 8.00 á hvern rúmmetra í íbúðarhúsnæði og kr. 5.50 á hvern rúmmetra í öðru húsnæði. Á sama hátt skal upphæð holræsagjaldsins aldrei vera hærri en sem svarar kr. 10.00 á hvern rúmmetra af hvaða húsnæði sem er.

Lágmarksupphæð holræsagjalds fyrir hverja fasteign skal vera kr. 1 300.00. Gjöld samkvæmt þessari grein eru miðuð við vísitölu Hagstofu Íslands um byggingarkostnað 1290 stig og skulu breytast í samræmi við hana.

14. gr.

Holræsagjald af fasteign má taka lögtaki og gera lögtak í hinni skattskyldu fasteign án tillits til eigendaskipta. Nýtur holræsagjaldið lögveðsréttar í húseigninni næstu tvö ár eftir gjaldldaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

15. gr.

Húseigendum er skylt að annast viðhald og endurnýjun ræsa frá húsum sínum innán lóðarmarka.

Dragi húseigandi á langinn nauðsynlegt viðhald, getur hreppurinn ráðist í það á kostnað húseiganda.

16. gr.

Hreppsnefnd getur sett nánari reglur um framkvæmd mála, sem reglugerð þessi fjallar um. Jafnframt getur hún veitt undanþágur frá reglugerðinni, ef hún telur gildar ástæður til þess.

17. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 100 000.00, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 14. júlí 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.